

Fundur í skólaráði 23. nóvember 2020

Mættir: Hólmfríður og Inga Huld f.h. kennara, Gauti frá hverfisnefnd, Brynja f.h. starfsmanna, Mikael Darri f.h. nemenda, Eidís og Ágúst f.h. foreldra, Eyrún skólastjóri og Helga deildarstjóri sem skrifar fundargerð.

Gekk erfiðlega að koma fundi af stað og vantaði nokkra, sem komu þó inn smá saman.

1. Starfsáætlun og skýrsla um innra mat
Eyrún sagði frá hvernig hægt er að nálgast þessar skýrslur á heimasíðu skólans. Skólaráði ber að fara yfir þessar skýrslur þannig að þeir sem eru í ráðinu þurfa að kíkja á skýrslurnar og benda á ef eitthvað má betur fara.
2. Bréf til skipulagsráðs vegna Hörgárbrautar og Skarðshlíðar/Höfðahlíðar
Eyrún deildi með ráðinu drögum að bréfi til skipulagsráðs Ak. bæjar vegna umferðaröryggis á Hörgárbraut.
Lesið var yfir drögin. Gauti kom með ábendingu um að hverfisnefnd Holta og Hlíðahverfis hefði ítrekað sent bréf líka og vildi að það kæmi fram í bréfinu. Eyrún bætti því inn í bréfið ásamt ábendingu um að tímasetja aðgerðir.
Eyrún mun deila bréfinu með skólaráði og biður fólk að fara vel yfir og koma síðan á miðvikudag og skrifa undir.
3. Staðan í dag og framhaldið
Eyrún sagði frá skipulagi skólahalds þessa dagana. Í dag keyrt af stað plan sem gekk vel upp. Unglingadeild sem verið hefur í fjarnámi undanfarnar vikur komin inn í 4. kennslustundir að morgni. Þurfa að vera með grímur í skólanum. Miðstig í skólanum til 12:35 en fær ekki matartíma. Yngsta stig með fullan skóladag.
Íþróttir og sund komið inn en ekki hægt að fylla upp í alla tíma. Þetta skipulag mun standa til og með 1. des. Eftir helgina verður framhaldið skoðað.
Skóladagatal enn í gildi. Glerárvision hefur verið frestað þar til við getum haldið hana með pomp og prakt eftir áramót. Þá verður einnig betrifatadagur og góður matur. Þrjú hólf og þrjár kaffistofur fyrir starfsmenn.
Eyrún hrósar starfsfólki og foreldrum fyrir þrautseigju og skilning.
Eyrún ræðir um leikskólabygginguna en eldhúsið þar mun sinna þeim skóla.
Eyrún fjallar um menntastefnu Ak. bæjar. Búið að koma á gæðaráði vegna innleiðingar stefnunnar sem á að taka þrjú ár. Eyrún kallar eftir foreldri í gæðaráð.
Hún sagði frá starfi og hlutverki ráðsins. Um mat Tröppu á skólastarfi í Glerárskóla og framhaldið.
Nýtt strætókerfi á Akureyri - búið að loka fyrir athugasemdir en hefði verið gott ef skólaráð hefði komið með ábendingar um það sem betur hefði mátt fara í tengslum við leiðir að skólanum.
Unnið er að styttingu vinnuvikunnar. Nefnd komið á sem vinnur að þessari innleiðingu. Í nefndinni eru starfsmenn sem tengjast flestum þeim störfum sem þetta mál snýr að.
4. Önnur mál
Inga Huld spyr um litlu jóla. Lítið hægt að gera fyrr en eftir 1. des, í því skipulagi - þegar ný reglugerð tekur gildi. Staðan því tekin í næstu viku.
5. Fjármál skólans (nemendur víkja af fundi)
Rætt um fjárhagsáætlun skólans.

Gert er ráð fyrir skólaráðsfundi eftir hálfan mánuð eða þann 7. desember, Eyrún spyr hvort fólk er til í að hittast þá? Var svarið já.

Bréfið verður sent til okkar núna á eftir, athugasemdum þarf að skila inn á morgun og svo mega allir fulltrúar koma til að skrifa undir bréfið eftir það. Koma skal í anddyri á starfsmannainngangi til þess.

Ekki fleira rætt, fundi slitið 15:52.
Ritarar Helga H. og Brynja Sig.